



Viðbygging Leikskólans vígð

Fimmtudaginn 27. mars var nýja viðbyggingin á leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík formlega opnuð. Viðbyggingin hefur verið tekin í notkun og er nú rauða deildin, elsta deildin á Krílakoti, komin yfir í nýja húsnæðið. Elstu börnin á leikskólanum eru skiljanlega mjög kát og hafa komið sér vel fyrir í nýjum húsakynnum. Með framkvæmdinni hefur leikskólinn stækkað um 115 fermetra og stórbætir það aðstöðu fyrir bæði starfsfólk og leikskólabörn. Við opnunina töluðu Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, og Hermína Kristín Lárusdóttir, leikskólastjóri Snæfellsbæjar, um framkvæmdina, hugsunina á bakvið húsið og hve góð viðbót viðbyggingin sé fyrir leikskólann. Kristinn fór yfir þá fjölmörgu iðnmeistara sem komu að framkvæmdinni og tók að lokum fram að liturinn á húsinu sé tilkominn vegna þess að í umhverfi barna eigi að vera litadýrð. Litadýrðin á að höfða til skynjunar barnanna og því hafi gulur litur orðið fyrir valinu. Fjölmennt var við opnunina og eftir formlega opnun hússins og ræðuhöld var fólki boðið að skoða nýju húsakynnin og gæða sér á snittum frá Skerinu.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurpþjónusta
- Smábátapþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Leikrit um Fíu Sól sýnt í Grundarfriði

6. og 7. bekkur Grunnskóla Grundarfjarðar settu upp sýninguna Fíu Sól gefst aldrei upp. Eftir mánuði af undirbúningi og æfingum var sýningin frumsýnd fyrir fullum sal í Samkomuhúsi Grundarfjarðar þriðjudaginn 25. mars. Miðvikudaginn 26. mars var líka uppselt á sýninguna og mikil eftirspurn var eftir sætum svo að bætt var við auka sýningu fimmtudaginn 27. mars sem ruku út. Ákveðið var að setja fjórðu og síðustu sýninguna upp mánudaginn 31. mars þar sem eftirspurnin var enn mikil og var líka fullt hús á þeirri sýningu. Einnalíðið leikara fór með hlutverk í leikritinu og var frammistaðan í leik, söng og dansi framúrskarandi. Það liggur hins vegar meira að baki slíku leikriti en leikararnir sem stíga á svið og sáu nemendur í 6. og 7. bekk, eldri nemendur og kennarar um sviðsmynd, förðun, búninga og hljóð með góðri aðstoð frá Þorkeli Mána Þorkelssyni, hljóðmanni. Gréta Sigurðardóttir og Sigurrós Sandra Bergvins-



dóttir sáu um að leikstýra verkinu sem hefur fengið mikið lof fyrir mikil gæði og frábæra skemmtun. Gleði einkenndi nemendahópinn á hverri sýningunni á fætur annarri sem skilaði sér til áhorfenda sem fylgdust heillaðir með.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



AÐALFUNDUR

Félags eldri borgara í Snæfellsbæ verður haldinn
í félagsheimilinu Klifi
miðvikudaginn 9. apríl 2025 kl. 15:30.

Fundarefni:
Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn Félags eldri borgara Snæfellsbæ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur
frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Síðasti blakleikur tímabilsins hjá UMFG



Blakdeild Ungmennafélags Grundarfjarðar heimsótti Álfþanesið föstudaginn 21. mars og léku þar síðasta leik sinn í 1. deild kvenna þennan veturinn. Lið Grundarfjarðar hefur orðið sterkara eftir því sem liður á veturinn en þrátt fyrir sigurlausa fyrri umferð áttu þær sigur í öllum leikjum nema einum í seinni umferðinni. Þær kláruðu mótið með 3-1 sigur gegn Álfþanesi. Þrátt fyrir velgengni fyrri part móts lendar liðið í 6. sæti af þeim sjö liðum sem spiluðu í 1. deild kvenna. Blakdeild UMFG hefur einnig haldið úti

liði í 6. deild kvenna sem kláraði Íslandsmótið í blaki helgina 14. til 16. mars. Það lið er blandað af eldri og yngri iðkendum. Liðið er öflugt en í ár hafa margir nýliðar gengið til liðs við blakliðið, bæði úr Grundarfirði og Snæfellsbæ, og fengu nýliðarnir að spreyta sig í 6. deildinni í vetur og er greinilegt að framfarir eiga sér stað á milli keppnishelga. Liðið spilaði fimm leiki á Íslandsmótinu sem fór fram í Kópavogi þessa helgi og unnu þrjá þeirra og enduðu í 3. sæti Íslandsmótsins.

SJ

Safnskipið Óðinn til Ólafsvíkur

Nú er þá kalla sem sinna viðhaldi og mynda fasta áhöfn safnskipisins Óðins farið að hlakka til að sigla til Ólafsvíkur föstudaginn fyrir sjómannadag 30. maí n.k. Sigling til að minnast drukkn- aðara sjómanna, heimsækja hafnir og sýna skipið er umbunin fyrir viðhaldsvinnuna sem aldrei lýkur, því tímans tönn nagar svona skip niður á við þrjá menn í fullu starfi og það þarf a.m.k. að halda í horfinu.

Það var haustið 2023 að „maðurinn á bak við tjöldin“, Þórður Þórðarson, settist að réttarkjöt-súpu Laufeyjar með Péttri á Lækjarbakka, að hugmyndin kviknaði um að það væri áhugavert að fá safnskipið Óðin til að heimsækja Ólafsvík í tilefni sjómanna-dags. Svona hlutir gerast ekki á einum degi, en hugmyndin hefur fengið frið til að róta sig yfir

ir veturinn. Vorið 2024 varð það svo fastmælum bundið milli formanns Sjómannadagsráðs og formanns Hollvínasamtaka v/s Óðins, sem jafnframt er skipherra skipisins, að stefnt skyldi að heimsókn til Ólafsvíkur um sjómanna-dag 2025, en þá hafði þegar verið ákveðið að skipið færi með forseta Íslands að Stafnesi til að minnast sjómanna sem farist höfðu á þeim slóðum frá árinu 1959, er vitaskipið Hermóður fórst, sem afi Guðna Th. Jóhannessonar og alnafni var fastur skipstjóri á.

Varðskipið Óðinn var byggt í Álaborg árið 1959 og afhent Landhelgisgæslu Íslands 16. janúar 1960, það þjónaði Íslendingum dyggilega sem varðskip í 46 ár, eða þar til að því var lagt árið 2006.

Óðinn var byggur af mikilli framsýni á sínum tíma sem öflugt björgunar- og varðskip. Það



Óðinn í Garðsþjó 31. maí 2024 á leið að Stafnesi. Mynd tekin frá blv Tómasi Þorvaldssyni GK.

eru 49 kujur í skipinu og álíka fjöldi getur setið í messunum, eldhúsið átti að geta afgreitt 100 máltíðir í mál og í loftskjotaklefanum voru tvær vinnustöður og tvöfalt sett senda og móttakara. Allt var þetta vegna björgunar- og almannavarnar verkefna sem það átti að geta tekist á við.

Skipið hefur eldst vel, enda vandað til smíði þess í upphafi og viðhald alla tíð gott. Aðalvélar eru tvær, 2.480 hestafla Burmeister & Wain snarvendar tvígengisvélar, sem stjórnað er í vélarúmi eftir fyrirsmælum um vélsíma. Skrifurnar eru fastar, engin kúpling og enginn gír. Ljósavélar eru nú þrjár Caterpillars, en voru upphaflega tvær B&W Alpha.

Engin sjálfvirkni er í skipinu og allt unnið handvirkir á siglingu. Því þarf tvo menn á stöðugri vakt í vélarúmunum, vélstjóra og smyrjara og þrjá menn á vakt í brú, stýrimann, rórsmann og útkikksmann, þegar siglt er. Til að standast mönnunarkröfur og hafa tvískiptar vaktir þarf því 14-16 menn til að sigla skipinu.

Vegna björgunarbúnaðar, öryggiskrafna og trygginga geta einungis 19 manns verið um borð á siglingu.

Skipið kom til landsins í fyrsta þorskastríðinu, þ.e. 12 mílna útfærslunni 1958-1961 og það tók fullan þátt í tveim hinum síðari þorskastríðum, þ.e. 50 og 200 mílna útfærslunum.

Skipið tók þátt í mörgum björgunaraðgerðum, þar er líklega þekktast aftakaveðrið í Ísafjarðardjúpi í febrúar 1968, þegar þrjú skip fórust, þ.e. m/b Heiðrún og breskur togarnir Ross Cleveland og Notts County. Ljóst er nú að Óðinn var hætt kominn þá vegna mikillar ísingar, þó ekki hafi verið talað um slíkt á þeim tíma.

Svo má nefna Vestmannaeyjagosið þar sem Óðinn var stöðugt í fólksflutningum og öðrum verkefnum vegna gossins frá 23. janúar til 7. mars. Rétt er að nefna einnig erfiða siglingu með björgunarfólk frá Grundarfirði til Flateyrar er snjóflóðið varð þar haustið 1995.

Egill Þórðarson



Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og skipherrann Vilbergur Magni Óskarsson varpa kransi í sjóinn til minningar um sjómenn sem farist höfðu við Stafnes frá árinu 1959.

Mynd: Hilmar Þórðarson, Víkurfréttir.

Rauð fjöður til styrktar Píeta

Landssöfnun Lions á Íslandi verður haldin dagana 3.-6. apríl. Félagar Lionsklúbba landsins munu þá selja Rauðu fjöðrina til styrktar Píeta samtökunum og sjálfsvígsvörnum fyrir ungt fólk. Söfnunin er fjáröflun fyrir verkefni sem Píeta samtökin mun framkvæma í september en þá munu þau bjóða öllum framhaldsskólanemum upp á samtal.

Verkefnið ber nafnið Segðu það upphátt! og er ætlað að opna á umræðuna um sjálfsvígshugsanir og geðheilbrigði hjá ungu fólki. Lionsklúbburinn Rán mun selja Rauðu fjöðrina 3.-4. apríl í versluninni Kassanum og í Apóteki Vesturlands í Ólafsvík þann 4. apríl og eru öll hvött til að styrkja þetta mikilvæga málefni.

JJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

KOMDU Í FVA



@fjölbraut



www.fva.is

OPIÐ HÚS

mánudaginn 7. apríl
kl. 16:30 – 18:00



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

**jafnrétti
virðing
fjölbreytileiki**

Öll velkomin, sérstaklega nemendur í 10. bekk og forráðamenn þeirra